

Fundargerð

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) 2010,
haldinn á Hótel Sögu, fimmtudaginn 11. febrúar, kl. 13:00.

Örn Bergsson formaður LLÍ setti fundinn og stakk upp á fundarstjórum Guðnýju Sverrisdóttur og Óðni Sigþórssyni. Var sú tillaga samþykkt athugasemdalaust og tóku þau við stjórn fundarins.

Óðinn kynnti auglýsta dagskrá fundarins sem hljóðaði svo:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. **Framkvæmd þjóðlendulaga.** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.
3. **Viðskipti með jarðir og hugsanleg inngríp ríkisins í jarða- og ábúðarlög.** Magnús Leópoldsson fasteignasali.
4. Önnur mál.

Fundarstjóri kynnti breytingar á auglýstri dagskrá þar sem Steingrímur J. Sigfússon komst ekki á fundinn vegna anna. Í hans stað myndi Þorsteinn Magnússon, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu, flytja erindi um framkvæmd þjóðlendulaga. Var þá tekið til við venjuleg aðalfundarstörf. Fundarstjóri stakk upp á Tjörva Bjarnasyni sem fundarritara og hreyfði enginn andmælum. Fundarmenn voru um 50 talsins.

1. Venjuleg aðalfundarstörf

a. Skýrsla stjórnar

Örn Bergsson fór yfir helstu baráttumál LLÍ um þessar mundir en hann sagði að árið 2009 hefði verið þjóðinni erfitt og ár mikill átaka. Örn velti upp þeirri spurningu hver væri staða landeigenda og helstu baráttumála í þeim ólgusjó sem landið er í. Nú væri það svo að liðlega hálf landið hefði verið tekið til meðferðar af óbyggðanefnd á þeim 11 árum sem liðin væru frá fyrstu kröfugerð íslenska ríkisins. Alls hefðu verið kveðnir upp 28 hæstaréttardómar í þjóðlendumálum. Þau hafi nú velkst um kerfið í rúm 10 ár og ekki stefni í annað en að lögfræðingar taki önnur 10 ár í að fara yfir landið.

Helsta baráttumál LLÍ væri að fá þjóðlendulögunum breytt og að inn í lögin kæmu ákvæði um að lögfest yrði að íslenska ríkið bæri sönnunarbyrðina fyrir eignatilkalli sínu í þinglýstar jarðir landeigenda. Örn taldi litlar líkur á að lögunum yrði breytt þrátt fyrir yfirlýsingar margra þingmanna þar um. Frumvarp um breytingar á lögunum sem 6 þingmenn fluttu á Alþingi fyrir tveimur árum hefði dagað uppi. Hann sagði að margir þingmenn hefðu gefið loforð fyrir síðustu kosningar að breyta lögunum en þeir virtust hafa gufað upp og virði ekki samtökin viðlits lengur.

Örn sagði það hafa verið mikil vonbrigði að Mannréttindadómstóllinn hafi vísað íslensku þjóðlendumálunum frá. Hann sagði að ýmsir lögspekingar hefðu ráðlagt samtökunum að fara

fram með prófmál í þjóðlendumálum fyrir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Málið væri á frumstigi en lögmenn LLÍ væru að kanna þennan möguleika.

Í ársskýrslu 2008 var getið um gögn sem eru órannsökuð í Árnasafni og gætu varðað réttarhagsmuni landeigenda. Samkvæmt upplýsingum frá Einari G. Péturssyni rannsóknaprófessor við stofnun Árna Magnússonar eru um 8 þúsund skjöl sem ekki hafa verið rannsökuð í Árnastofnun og annað eins í Landsbókasafni. Að hans sögn hefur óbyggðanefnd ekki leitað til stofnunarinnar vegna gagnaöflunar í þjóðlendumálunum. Nefndin hafi eingöngu leitað til Þjóðskjalasafns um gögn. Staðreyndin væri því miður sú að gagnaöflun óbyggðanefndar væri mjög áfátt. Nefndi hann því til dæmis mál Ingibjargar Bjarnadóttur á Gnúpufelli í Eyjafirði sem hafði af tilviljun fengið skjal frá árinu 1622 í gegnum danska vinkonu sína sem vann á Árnastofnun í Kaupmannahöfn. Það skjal hefði ráðið úrslitum í máli Ingibjargar fyrir óbyggðanefnd. Í ljósi þessa spurði Örn hvort þetta væri boðlegt, þ.e. að það sé tilviljunum háð hvort fólk haldi hinum helga rétti, eignarréttinum. Því væri sú krafa eðlileg að öll skjöl verði gerð lögmönnum aðgengileg.

Endurupptökuákvæði væru nauðsynleg í núverandi þjóðlendulög svo heimilt sé að taka mál til skoðunar ef ný gögn koma fram sem gefa tilefni til þess.

Á síðasta ári skipaði landbúnaðarráðherra starfshóp til að endurskoða jarða- og ábúðarlög. Landssamtökin voru sniðgengin og fengu engan mann í starfshópinn. Stjórn LLÍ var stórlega misboðið og sendi frá sér harðorða ályktun um máið þar sem málatilbúnaðurinn var gagnrýndur. Efnislega halda samtökin því fram að engin ástæða sé til að breyta gildandi jarða- og ábúðarlögum og vilja að áfram ríki viðskiptafrelsi á markaði með bújarðir. Stjórn LLÍ fékk spurningalista í 13 liðum frá starfshópi ráðherra. Send var umsögn í kjölfarið þar sem lagst er gegn breytingum á núverandi lögum sem LLÍ telur afturhvarf til fortíðar. Hömlur á viðskipti með bújarðir geti m.a. haft í för með sér stórlækkað verð, rýrt veðhæfi og valdið erfiðleikum við að selja jarðir. Örn sagði að það væri mat þeirra sem skipuðu stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi að stjórnvöld hefðu öðrum og brýnari málum að sinna en að blása meira lífi í þann eld sem nú brenndi upp eignir í sveitum landsins.

Formaðurinn vék síðan að síðasta áramótaávarpi forsætisráðherra þar sem fram kom að vatn væri auðlind sem skyldi hafa sömu réttarstöðu og fiskurinn í sjónum, semsagt vera sameign íslensku þjóðarinnar. Örn spurði hvað fælist í þessum orðum ráðherrans og hvort nú væri verið að boða eignaupptöku á vatnsréttindum. Hann sagði að enginn vafi léki á því almennur réttur til aðgangs að nægu vatni væru grundvallarmannréttindi. Framhjá því væri hins vegar ekki hægt að líta að eign á vatni væri fasteignaréttindi sem dómstólar og löggjafinn hefði viðurkennt óskorað fram til þessa. Vitað er að vinna stendur nú yfir við gerð nýrra vatnalaga og viðbúið að niðurstaða hennar verði andstæð sjónarmiðum og hagsmunum landeigenda um skilgreiningu eignarréttar á vatni.

Örn sagði mikilvægt að þetta raðirnar í baráttunni sem væri framundan. LLÍ væru aðeins þriggja ára samtök og væru rétt að slíta barnsskónum. Á síðasta aðalfundi hefði verið ákveðið að útvíkka starfsemi samtakanna sem fælist í að gæta víðtækari hagsmuna landeigenda en eingöngu í þjóðlendumálum. Vegna þess væri mikilvægt að styrkja samtökin með öflun nýrra félaga.

Alls 6 stjórnarfundir voru haldnir á milli aðalfunda. Einn almennur fundur með félagsmönnum var haldinn á Hótel KEA og stjórnin fundað með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra í sumar til að kynna sjónarmið sín. Örn sagði að erfitt væri að ná eyrum ráðamanna í því ástandi sem þjóðfélagið er í þessi misserin. Að lokum sagði formaðurinn að það fylgdi því ábyrgð að eiga land og það væri skylda landeigenda að skila því jafn góðu eða í betra ástandi til kynslóða framtíðarinnar. Hann þakkaði stjórnarmönnum sérstaklega fyrir gott og ánægjulegt samstarf og landeigendum fyrir góð og ánægjuleg samskipti á liðnu starfsári.

b. Reikningar

Guðný Sverrisdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2009. Stjórn og skoðunarmenn hafa skrifað undir ársreikninginn.

Tekjur af félagsgjöldum voru 3.460 þús. á árinu. Ferðakostnaður nam 1.556.483 kr. og annar rekstrarkostnaður 571.225 kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru samtals 117.780 kr. Hagnaður ársins var 1.450.072.

Eignir samtakanna eru samtals 2.187.549 kr. Handbært fé er 1.954.193 kr. og skammtímakröfur (útstandandi félagsgjöld o.fl.) alls 233.356 kr.

Alls eru 418 skráðir félagar. Nokkrir gengu úr félaginu á síðasta ári en nokkurn veginn jafn margir bættust við.

c. Umræða um skýrslu formanns og afgreiðsla reikninga

Ingibjörg Bjarnadóttir tók til máls. Hún vildi hnykkja á því sem Örn sagði um skjalið frá árinu 1622. Hún sagði að hin órannsökuðu skjöl væru á Árnastofnun og að rannsóknaprófessorinn Einar Gunnar Pétursson hefði komið til aðstoðar við að leita að skjölum. Nú væri verið að leita að gögnum um Möðruvelli í Hörgárdal. Ingibjörg kvaðst hafa rætt við Einar Gunnar nýlega en búið er að finna frumrit af skjölum sem gætu nýst. Gunnar segði að stofnunin hefði ekki mikið bolmagn til að sinna þessu en ef um mál varðandi banka væri að ræða þá væri litið öðruvísi á málin.

Fleiru tóku ekki til máls.

Reikningar voru samþykktir með öllum þorra atkvæða. Enginn var á móti.

d. Kosningar

- a. Eftirtalin gáfu kost á sér til stjórnar og voru öll kjörin með lófaklappi. Örn Bergsson, Guðný Sverrisdóttir, Sigurður Jónsson, Óðinn Sigþórsson, Gunnar T. Sæmundsson. Örn var kjörinn formaður með lófaklappi.
- b. Varastjórn kjörin með lófaklappi: Aðalsteinn Jónsson, Jóhannes Sigfússon, Anna Guðrún Edvarðsdóttir, Jóhann Ragnarsson og Hrafnkell Karlsson.
- c. Skoðunarmenn kosnir með lófaklappi: Jóhannes Kristjánsson og Snorri H. Jóhannesson.

e. Ákvörðun árgjalds

- a. Tillaga um sama árgjald og síðasta ár.
Einstaklingar: 5.000 kr.
Sveitarfélög:

- a) Innan við 500 íbúar: 30.000 kr.
 - b) 500-5.000 íbúar: 50.000 kr.
 - c) 5.001 eða fleiri íbúar: 100.000 kr.
- Aðrir lögaðilar: 30.000 kr.

b. Orðið gefið laust um gjaldskrána.

Ingimundur Magnússon. Hann spurði af hverju lögaðilar ættu að greiða svona miklu hærra árgjald en einstaklingar. Hann lagði fram tillögu um að lögaðilar greiði kr. 15.000, einstaklingar greiða kr. 5 þús. og minnstu sveitarfélög 30 þúsund krónur. 12 greiddu atkvæði með tillögunni, enginn mótmælti.

c. Breytt gjaldskrá samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Lítur hún því svona út:

Einstaklingar: 5.000 kr.

Sveitarfélög:

- a) Innan við 500 íbúar: 30.000 kr.
 - b) 500-5.000 íbúar: 50.000 kr.
 - c) 5.001 eða fleiri íbúar: 100.000 kr.
- Aðrir lögaðilar: 15.000 kr.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf kynnti fundarstjóri tvo framsögumenn, þá Þorstein Magnússon og Magnús Leópoldsson.

2. Framkvæmd þjóðlendulaga

Þorsteinn Magnússon, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu.

Þorsteinn þakkaði fyrir tækifærið að fá að halda erindi á fundinum. Hann tók fram að hann væri sveitapiltur að uppruna og kæmi undan Eyjafjöllum. Þorsteinn skrifaði lokaritgerð um sönnunarkröfu Hæstaréttar og óbyggðanefndar. Hann starfar nú að málaflokknum fyrir hönd ríkisins í fjármálaráðuneytinu en þjóðlendumálin hafa lengi verið hans áhugasvið. Þorsteinn tók fram að hann kæmi til fundarins sem sérfræðingur úr ráðuneytinu en ekki í pólitísku umboði ráðherra.

Þorsteinn byrjaði á því að rekja forsögu og inntak þjóðlendulaganna í grófum dráttum. Ástæða setningar laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda og þjóðlendna, nr. 58/1998, var sú óvissa sem ríkti um eignarhald á hálendi Íslands. Alla 20. öld höfðu öðru hvoru risið upp deilur um eignarrétt að afréttum og almenningum. Lengst af snerust þær um hvort viðkomandi landsvæði væru eign aðliggjandi sveitarfélaga, þar sem íbúar þeirra höfðu nýtt svæðin sem sumarbeitiöld, eða hvort ríkið teldist eigandi þeirra. Dómar Hæstaréttar árin 1955 og 1981 um Landmannaafrétt leiddu í ljós að til voru landsvæði sem enginn átti og að ríkið átti ekki sjálfkrafa slík svæði. Talið var óheppilegt að enginn færi með full eignarráð á hálendinu og árið 1984 hófst vinna við undirbúning lagasetningar um eignarhald á almenningum og afréttum. Í kjölfar hennar voru löggin loks sett árið 1998. Með þeim var lögfest sú regla að landsvæði sem enginn getur sannað eignarrétt að eru þjóðlendur í eigu ríkisins. Löggin voru samþykkt samhljóða á Alþingi enda var almenn samstaða um að skýra eignarhald á hálendissvæðum. Trúlega sáu menn ekki fyrir þann ágreining sem yrði um framkvæmdina, sagði Þorsteinn.

Því næst ræddi Þorsteinn um málsmeðferðina en hún hefði hafist með því að landinu var skipt í 11 svæði og innan þeirra væri nánari skipting. Nú er lokið málum 1-7b. Eftir að svæði

eru tekin til meðferðar fer í gang ítarleg gagnavinnsla. Menn sem telja sig eiga réttindi lýsa sínum kröfum. Óbyggðanefnd úrskurðar síðan um fram komnar kröfur. Síðustu úrskurðir nefndarinnar voru kveðnir upp 19. júní 2009 varðandi svæði 7A, þ.e. landsvæði í Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Sveitarfélaginu Skagafirði og Húnavatnshreppi auk Hofsjökuls. Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar getur höfðað einkamál fyrir héraðsdómi innan sex mánaða frá birtingu úrskurðar. Niðurstöðum héraðsdómstóla má síðan áfrýja til Hæstaréttar.

Stóra spurningin er um sönnunarkröfurnar. LLÍ hafa bent á að þær séu oft óhóflugar. Meginreglan er sú að það land sem ekki sé hægt að sanna eignarhald á séu þjóðlendur. Þá sé spurningin hvenær eignarréttur að landi sé sannaður. Við setningu þjóðlendulaga var ákveðið að hafa ekki sérstakar sönnunarreglur í lögnum. Það þýðir að við úrskurði og í dómaframkvæmd er notast við þær reglur sem móttast höfðu með eldri dómum sem féllu fyrir gildistöku laganna. Til að land sé eignarland þarf eignarréttur að hafa stofnast í upphafi. Stofnunarhættir eignarréttar að landi eru þrír samkvæmt íslenskum lögum, þ.e. landnám, hefð og lög (t.d. nýbýlatilskipun frá 18. öld).

Almennt er talið að sönnun ráðist af þeim heimildum sem eru fyrir hendi. Landamerkjabréfin eru þar mikilvægust ásamt fleiru. Almennt má segja að þau hafi mest vægi og hafa þau almennt haldið fyrir óbyggðanefnd og Hæstarétti. Fyrsti hæstaréttardómurinn varðaði svæði í Biskupstungum. Kröfurnar eru fremur strangar og lagðar þungar kvaðir á landeigendur. Sá sem heldur því fram að landamerki séu önnur en landamerkjabréf segja skal hafa sannanir fyrir því. Það skiptir máli hvort landamerkjabréf afmarkar jörð eða annað landsvæði. Dæmi um Auðkúlu og Eyvindarstaðaheiði.

Í seinni hluta erindis síns fjallaði Þorsteinn um framkvæmd þjóðlendulaganna. Kröfugerð ríkisins á fyrstu svæðunum tók mið af þeirri óljósu stöðu sem var uppi um hvenær eignarréttur á hálendissvæðum teldist sannaður. Gjarnan hefur verið miðað við hæðarlínur, 300-400 metra línur. Óbyggðanefnd hafnaði þeim kenningum strax með fyrstu úrskurðum sínum 21. mars 2002 sem vörðuðu uppsveitir Árnessýslu.

Á svæði nr. 3 á Suðausturlandi var kröfugerð ríkisins byggð á samskonar rökum og áður. Fyrstu dómur í Hæstarétti féllu árið 2004. Þar staðfesti rétturinn þá niðurstöðu óbyggðanefndar að hafna þeim þjóðlendukröfum sem byggðust á hæðarlínunum.

Á svæði nr. 5 var kröfugerð ríkisins ekki byggð í jafn miklum mæli á hæðarlínu. Á Norðausturlandi hefði átt að gæta meira hófs í kröfugerðinni, m.a. m.t.t. dóms um Úthlíðartorfu að mati Þorsteins.

Þann 11. maí 2006 féllu þrjú hæstaréttardómur um þjóðlendur í Örfæfum og Suðursveit. Öndvert við óbyggðanefnd komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að eyðijarðirnar Fjall og Breiðármörk í Örfæfum væru þjóðlendur allt niður að sjávarmáli.

Óbyggðanefnd úrskurðaði um svæði á Vesturlandi 2006, m.a. um Esjuna. Úrskurður um hana markaði nokkur tímamót varðandi það þegar jarðir liggja saman beggja megin fjalla.

Í september 2006 var úrskurðað um Hoffell í Lóni. Niðurstaðan þar var sú að svæðið væri þjóðlenda en eigendur Hoffells mættu nýta það sem afrétt. Í máli Stafafells reyndi á tilvik þar sem ósamræmi er milli merkja samkvæmt landamerkjabréfi og eldri heimilda. Landamerkjabréfið tekur þannig til mun stærra svæðis en tiltekið er í vísitásiúm tveggja biskupa frá 17. öld og lögfestu Stafafellsprests frá 18. öld. Niðurstaðan var sú að einungis það svæði sem fellur innan merkja samkvæmt hinum eldri heimildum er eignarland en það sem ber í milli er þjóðlenda.

Dómur um Hrunaheiðar árið 2006. Þar var niðurstaðan að um þjóðlendur væri að ræða. Í maí 2006 féllu þrír dómar í Hæstarétti vegna landa sunnan Mýrdalsjökuls. Hæstiréttur snéri við niðurstöðum óbyggðanefndar og úrskurðaði eignarlönd en ekki þjóðlendur. Óbyggðanefnd úrskurðaði í maí 2007 um svæði á Norðausturlandi, Smjörfjöll og fl. Þar var niðurstaðan að um eignarlönd væri að ræða. Í október 2007 féll dómur í Hæstarétti vegna landa í Fljótshverfi. Hefur Hæstiréttur slakað á sönnunarkröfum um eldri heimildir sem styðja landamerkjabréf. Þar byggði ríkið á því að hálandasti hluti ágreiningssvæðisins félli utan jarðanna og væri þjóðlenda. Niðurstaðan varð hins vegar sú að eignarlönd tilheyrandi jörðunum næðu alla leið upp að jökli. Þar á meðal eru nær gróðursnauð svæði í vel yfir 100 metra hæð. Þá eru lýsingar landamerkjabréfa jarðanna sumar hverjar óljósar um mörk inn til landsins. Samt lýsir Hæstiréttur engum efasemdum um landnám á svæðinu eins og hann gerði í málum Úthlíðar í Biskupstungum og Stafafells í Lóni. Einnig virðast kröfur til sönnunar eignarlands vera minni hér en í máli Fells í Suðursveit. Því má spyrja hvort Hæstiréttur hafi slakað nokkuð á sönnunarkröfum frá fyrri málum. Allt bendi til þess að rétturinn hafi slegið af fyrri sönnunarkröfum um stuðning eldri heimilda við landamerkjabréf.

Þjóðlendukröfum á svæði nr. 7a var lýst 2008. Þar var almennt ekki byggt á hæðarlínum í kröfugerð. Kröfugerð á sambærilegum svæðum í framtíðinni hlýtur að taka mið af því.

Á svæði nr. 6 voru niðurstöður ríkinu mjög óhagstæðar þegar óbyggðanefnd úrskurðaði í júní 2008. 103 lönd voru úrskurðar eignarlönd að öllu leyti. 85-90% af kröfum ríkisins var hafnað. Niðurstöður í Fljótshverfismálinu og um Esju og Smjörfjöll gefa til kynna að vægar verði farið í sakirnar en á fyrri svæðum. Almennt virðist haldlítið að segja að hæðarlínur ráði eignarrétti. Í ljósi þessa má segja að kröfugerð ríkisins hafi gengið fram úr hófi á fyrstu 6 svæðunum.

Óbyggðanefnd úrskurðaði um kröfur á suðurhluta vestanverðs Norðurlands (svæði nr. 7a) í júní 2009. Þar voru 29 ágreiningssvæði og niðurstaða óbyggðanefndar sú að 13 þeirra væru þjóðlendur að öllu leyti, sjö þjóðlendur að hluta og eignarland að hluta og níu eignarlönd að öllu leyti. Því má segja að fallist hafi verið á 55–60% af kröfum ríkisins þar. Það er nokkuð áreiðanleg vísbending um að meira hófs hafi verið gætt í kröfugerð þar heldur en á næsta svæði á undan þar sem 85–90% krafanna var hafnað.

Nú stendur yfir málsmeðferð á Tröllaskaga (svæði nr. 7B). Þjóðlendukröfum ríkisins var lýst 11. maí 2009 og taka þær til 12 landsvæða sem talið er af hálfu ríkisins að séu allt afréttir utan marka jarða.

Að lokum. Með þeim fjölda úrskurða sem óbyggðanefnd hefur kveðið upp og af niðurstöðum í Hæstarétti má segja að línur hafi skýrst verulega. Má ætla að ágreiningssvæði verði færri en hingað til. Helstu vafasvæði eru þegar afréttir tengjast einstakri jörð eða stofnun, dæmi úr Hrunamannahreppi og Kvísker í Öræfum. Til að landamerkjabréf séu vefngd þarf almennt aðrar heimildir sem mæla gegn þeim. Verðmæti lands er talið minna þegar um er að ræða gróðursnauð svæði.

Alls koma níu mál til afgreiðslu Hæstaréttar á þessu ári. 17 mál eru fyrir Héraðsdómi á Norðausturlandi. 18 mál eru komin til Héraðsdóms á svæði 7 suður. Frekari kröfulýsingum hefur verið frestað til ársins 2012.

Framkvæmd þjóðlendulaga hefur um margt verið önnur en menn ætluðu í byrjun. 31 dómur hefur fallið í Hæstarétti frá upphafi. Af dómunum má draga miklar ályktanir um sönnunarkröfu og lögmenn hafa meira á að byggja nú en þegar byrjað var að láta reyna á lögin, sagði Þorsteinn að lokum.

Guðný fundarstjóri þakkaði Þorsteini fyrir erindið og opnaði fyrir fyrirspurnir og umræður.

Hilmar Össurason. Taldi mikið ósamræmi milli fyrri úrskurða í þjóðendumálum og þeirra síðari. Spurði hvort grundvöllur væri fyrir endurupptöku?

Þorsteinn. Svaraði neitandi, taldi e.t.v. ekki grundvöll fyrir slíku. Tiltölulega gott samræmi væri en kröfugerðir ríkisins hafi breyst töluvert frá fyrri tíð.

Vilhjálmur Snædal spurði hver væri hugmyndafræðin að baki kröfugerðarinnar. Hann tók dæmi af Brú á Jökuldal. Inni í jörðinni er jörðin Laugavellir sem seld var út úr Brú um 1900. Jörðin var seld sem einkaeign á sínum tíma og Vilhjálmur spurði hvort það gæti staðist ef jörðin væri dæmd þjóðlenda?

Þorsteinn sagði Laugavelli hafa verið dæmt eignarland fyrir tíð þjóðlendulaganna. Úrskurður um Brú á Jökuldal byggðist á landamerkjabréfum. Hugmyndafræðin varðandi kröfugerðina mótast af þeim niðurstöðum sem liggja fyrir og er byggð á þeim heimildum sem koma í leitirnar, fyrst og fremst byggt á vinnu Þjóðskjalasafns.

Einar G. Pétursson. Tók dæmi um elstu dæmi í málinu varðandi afrétti og afréttareign. Í nýjum orðabókum væri vitnað í Gauk Jörundsson. „Afréttur er þjóðlenda í afréttareign“. Hugtökin væru rakalaus tilbúningur lögfræðinga. Hann spurði hvort það gæti gengið að Hæstiréttur dæmdi eftir staðlausum stöfum?

Þorsteinn sagði erfitt að svara fyrir Hæstarétt. Hann væri ekki sagnfræðingur og gæti ekki svarað út frá þeirri hlið. Nokkur dæmi um niðurstöður Hæstaréttar. Sagði lögfræðinga verða að beygja sig undir Hæstarétt og dómafordæmi hans skipti verulegu máli.

Ólafur H. Jónsson bar upp tvær spurningar: „Þar sem nú er ljóst að nú eru um 16 þús. skjöl órannsókuð, ætla þú sem lögmaður á vegum fjármálaráðuneytis að óska eftir því að óbyggðanefnd skoði þessi skjöl?“ og „Hefur þú sem lögmaður í kröfugerð ríkisins breytt einhverjum áherslum í kröfugerð?“

Þorsteinn: Varðandi skjölin á Árnastofnun. Óbyggðanefnd leitaði til Gunnars Friðriks sagnfræðings og kannaði hvort þarna væru skjöl sem gætu haft áhrif á niðurstöður. Sá taldi litlar líkur á að svo væri. Ef koma sterk rök fyrir því að eitthvað leynist í þessum skjölum verða þau skoðuð. Hann sagðist ekki geta lofað því á þessu stigi en ábendingin yrði tekin til greina.

Varðandi grundvöll kröfugerðarinnar. Niðurstöðurnar á hverjum tíma gefa tilefni til breytinga, t.d. í dæmi um hæðarlínur. Sagðist gera ráð fyrir að ágreiningsefni yrðu færri á komandi árum.

Snorri Jóhannesson spurði hvenær orðið *afréttareign* og *þjóðlenda* kom fyrst fram. Um miðjan 9. áratug voru nokkrir bændur í Borgarfirði sem ákváðu að friða rjúpuna á löndum sínum. Sigurður Línadal notaði orðið *þjóðlenda* á fundi vegna skotveiðimála. Borgfirðingarnir fengu á sig dóm varðandi Geitland. Þá var kært á eignarréttargrunni

en ekki á grunni náttúruverndarlaga. Málið fékkst ekki dómtekið þar sem ekki var búið að fara yfir þjóðlendumálin.

Varðandi afréttina. Getur það veikt réttarstöðu að kalla sameignarlönd afrétti? Finnst menn setja samasemmerki milli afrétta og sameignarlanda. Hvaða hagsmunir eru í húfi varðandi þjóðlendur spurði Snorri.

Aðlokum spurði Snorri hvort lögfræðingurinn gæti sagt fundinum frá því hvað ríkið sé búið að eyða af fjármunum í þjóðlendumálið.

Þorsteinn. Hvort landið kallist afréttur á ekki að skipta máli. Sagðist ekki hafa tölur um kostnaðinn. Hverjir eru hagsmunirnir? Hans hlutverk væri að móta kröfugerðir á grundvelli laga en ekki að meta hagsmuni á viðkomandi landssvæðum.

Lúðvík Lárusson. Var að hugsa um jarðir sem hafa tímabundið lent í höndum ríkisins og bóndinn keypt aftur af ríkinu. Hefur ríkið þá viðurkennt landið sem eignarland ef það hefur verið selt sem slíkt?

Þorsteinn: Erfitt að svara því að hans mati. Í sjálfu sér ræður sala ríkisins ekki því hvort land úrskurðast þjóðlenda eða ekki. Hæstiréttur á eftir að dæma í máli sem þessu. Þorsteinn kvað það vissulega blóðugt ef viðkomandi kaupir land af ríkinu sem síðar kemur og gerir kröfu í sama land.

Einar G. Pétursson sagði að kirkjur ættu oft fjalllendi. Tók dæmi um gömul skjöl á Þjóðskjalasafni.

Þorsteinn sagði um skjöl sem væru á Árnasafni og kynnu að hafa þýðingu þá þyrftu menn að koma vísbendingum um þau á framfæri við óbyggðanefnd. Þarf meiri fjármuni ef á að ráðast í þetta verk sagði Þorsteinn.

Páll Arnór Pálsson spurði í ljósi þess að Þorsteinn væri starfmaður óbyggðanefndar áður hvort menn gætu átt von á því að menn fari á milli vinnuveitenda eins og í dæmi Þorsteins.

Þorsteinn sagðist vera kominn í vinnu hjá ríkinu við að gæta hagsmuna þess. Liggur ljóst fyrir að hann eigi ekki afturkvæmt í óbyggðanefnd.

Úlfar Árnason. Sagðist vera íbúi á Álftanesi og Álftnesingar ættu stór landsvæði á Reykjanesfjallgarði. Hann spurði hvers þeir ættu að gjalda sem voru fyrst í röðinni þegar dómur í þjóðlendumálum voru kveðnir upp. Dómarnir sem Álftnesingar fengu féllu þegar kröfurnar voru strangari. Þjóðlendumálin voru miðuð við miðhálandið en farið var niður í fjörur að sögn Úlfs og því mikil mismunun í kröfum þjóðlendunefndar. Hann nefndi dæmi af Langanesi og um landnám Ingólfs Arnarsonar sem hann taldi dæmi um óréttláta mismunun. Það væri búið að rekja eignarréttinn frá landnámi og því skrítið að fá svör eins og að Ingólfur Arnarson hafi

ekki numið landið heldur stolið því. Því miður hefði ekki verið komin fógetaskrifstofa í Reykjavík eða Hafnarfirði þegar Ingólfur kom til landsins!

Þorsteinn sagði ótrúlegt að ekki hefði verið gætt fyllsta jafnréttis varðandi kröfugerðina á Álftanesi. Þar sé talið að afrétturinn sé líkur öðrum.

Óðinn Sigbórsson tók undir með frummælenda að erfitt sé að svara fyrir Hæstarétt. Dómar hafi verið misvísandi og að fjallatoppakenningin hefði verið slegin af. Hann spurði hvar menn stæðu eiginlega og hvernig framgangur málsins yrði hér eftir? Með lagabreytingu hefur kröfugerð verið frestað og Þjóðlendunefnd verið lögð niður og vinna hennar færð inn í ráðuneytið. Óðinn óskaði skýringa á þessu.

Þorsteinn sagði að búið væri að fresta frekari kröfugerð til ársins 2012. Vonandi gæfi það svigrúm til vandaðri kröfugerða en verið hefur. Undirbúningur er í gangi fyrir kröfugerð á næstu svæðum. Fjárheimildir til Þjóðskjalasafns hefðu skroppið saman og minna svigrúm til rannsókna. Unnið verður að undirbúningi innan ráðuneytisins að sögn Þorsteins.

Gunnar Sæmundsson vakti athygli á því þegar lögfræðingurinn sagði að vanda ætti betur til kröfugerðarinnar. Það væru til nokkur dæmi um að ríkið hefði selt jarðir og tekið til baka, t.d. Stafafell í Lóni þar sem sjálfur Hannes Hafstein skrifaði undir sölusamning á sínum tíma.

Ekki fleiri kvöddu sér hljóðs vegna erindis Þorsteins og fundarstjóri gaf Magnúsi Leópoldssyni orðið.

3. Viðskipti með jarðir og hugsanleg inngrip ríkisins í jarða- og ábúðarlög. Magnús Leópoldsson fasteignasali.

Magnús byrjaði á því að þakka fyrir að vera boðið að halda erindi á aðalfundinum. Hann sagði að nú væri að störfum nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði til að koma skikki á jarða- og ábúðarmál. Honum skildist að setja ætti meira hamlandi reglur en nú eru í gildi. Magnús sagðist hafa unnið við fasteignasölu í 25 ár en verið bóndi í 10 ár þar á undan. Viðskipti með jarðir tengist því sem fólk er að hugsa. Það væru ekki einungis vondir menn sem væru að leggja undir sig jarðir heldur fjöldi fólks sem er að velta jarðakaupum fyrir sér af einskærum áhuga. Áður var það meira vandkvæðum bundið að versla með jarðir og sagði Magnús það ekki persónulegan áhuga sinn að sjá það gerast aftur. Magnús sagðist skynja það mjög að mikil vanþekking væri á landbúnaði en áhugi almennings væri mikill á málaflokknum engu að síður.

Því næst ræddi Magnús um verðmyndun á jörðum en hann sagði að verðið ákvarðaðist á frjálsum markaði og verðlagning væri frjáls. Magnús er þeirrar skoðunar að landverð sé ennþá lágt. Einn af áhrifavöldum jarðaverðs væru skipulagsyfirvöld en ýmsir þættir spiluðu inn í, s.s. hlunnindi, staðsetning, fjarskiptamál, samgöngur og þjónusta. Þá væri réttaróvissa slæm sem hefði neikvæð áhrif á verðþróun og skírskotaði hann þar til Þjóðlendumála.

Jarðir henta misjafnlega til búrekstrar, t.d. vegna landgæða, framleiðsluréttar, staðsetningar og húsakosts. Þær eru misjafnlega vel setnar, reksturinn misjafn og áherslur bænda einnig. Allt þetta hefði áhrif á verðmat.

Uppskipting jarða hefur aukist en er algengari nær þéttbýli. Landbúnaðurinn hopar undan þéttbýli. Stækkun bóa hefur leitt til aukinnar sérhæfingar og fækkunar í sveitum. Krafa um góðan rekstur og hagkvæmni er rík og aukið eftirlit er staðreynd.

Magnús segir að menn verði að bóa sig undir samkeppni með einhverjum hætti. Þarf að stækka jarðir, húsakost og auka bústofn.

Magnús fullyrta að eignarhald á bújörðum væri ekki vandamál. Það hefur alltaf verið svo að einstaklingar hafa átt margar jarðir tímabundið. Eignarhaldið hefur í tímans rás brotnað upp. Það sem gerðist árið 2007 er ekkert til að hafa áhyggjur af að mati Magnúsar. Oft eru margir eigendur á bakvið félög sem eiga jarðir.

Ákvörðun um að selja jarðir byggist oft á skuldastöðu manna. Hún er svakaleg víða til sveita og Magnús taldi málið alvarlegra en menn gerðu sér grein fyrir. Hann taldi ekki hægt að leysa úr skuldavanda jarðaeigenda nema með almennum aðgerðum og átti þá við niðurfellingu skulda.

Hverjir hafa áhuga á að kaupa bújarðir? Það er miklu meiri áhugi á jörðum en tveggja herbergja íbúðum í Reykjavík. Áhugi fyrir búskap hefur aukist sl. misseri og þar gera menn m.a. kröfu um góð fjarskipti.

Magnús keypti sér sjálfur jörð 1978 en þá höfðu sveitarfélögin forkaupsrétt. Hann hallast að því að viðskipti með jarðir eigi að vera frjáls eins og með aðrar fasteignir. Magnús telur bændur ekki eiga að selja jarðir sínar ef þeir þurfa þess ekki.

Hann fjallaði líka um skattlagningu söluhagnaðar. Menn verða að greiða skatta. Úthagi er víðast mjög lágt metinn í fasteignamati en hið opinbera hefur víða hækkað það til muna.

Um endurskoðun á jarða- og ábúðarlögum sagði Magnús að ríkið hefði næg úrræði. Það gæti tekið hverja einustu jörð eignarnámi nú þegar! Þetta er mál sem menn ættu ekki að snerta á nú þegar önnur mál eru brýnni.

Varðandi landnýtingu þá féllst Magnús á að sumt hefði farið úr böndunum, t.d. þegar gott landbúnaðarland væri tekið undir sumarbústaðabyggð. Hann nefndi líka að skoða ætti reglur um uppskiptingu jarða. Af eignarforminu þarf ekki að hafa áhyggjur af, frjálsa formið hefur reynst ágætlega. Um kynslóðaskiptin sagði Magnús að það væri liðin tíð að eldri kynslóðir afhentu jarðir sínar. Hugmyndir um búsetuskyldu má skoða en forkaupsréttarákvæði eru út í hött að hans mati.

Niðurstaða Magnúsar er að stunda þurfi skynsamlega landnýtingu. Það felist ábyrgð í því að eiga land og því fylgja skyldur. Mjög spennandi verkefni fyrir okkur sem búum í sveit að tala fyrir aukinni snyrtimennsku til sveita. Að lokum sagði Magnús að ríkisvaldið ætti að hugsa sinn gang varðandi breytingar á jarðalögum því það hefði ýmis úrræði til þess að skipta sér af jarðamálum.

Guðný fundarstjóri gaf þvínæst orðið laust.

Vilhjálmur Snædal sagði að menn vissu allt um það hvernig ríkið hagaði sér og það bæðist aldrei fyrirgefningar. Hann vitnaði í Kastljóspátt þar sem siðfræðingur talaði um spillingu. Vilhjálmur sagði að valdkerfið væri oft valdur af spillingu og að bændurnir væru einfaldlega ekki jafnrétt háir og ýmsir peningafurstar úr 101 Reykjavík. Ræddi um þátt bankana og erlenda kröfuhafa og velti upp þeirri spurningu hvað mikið af íslensku landi verði í eigu erlendra banka eftir 5 ár.

Magnús: Þeir fáu útlendingar sem hafa keypt lönd á Íslandi hafa yfirleitt miklar tengingar við landið. Virðist ekki vera svo að menn komi eingöngu til landsins til að kaupa jarðir.

Snorri Jóhannesson þakkaði Magnúsi fyrir yfirferðina og spurði að því hvernig væri tekið á því í afsalsgerð og hvort settir væru fyrirvarar ef jarðir væru huldar réttaróvissu?

Magnús sagði kaupendur þurfa að ganga inn í þessa óvissu og það hefði vissulega áhrif á verð.

Óðinn Sigbórsson ræddi um landamerkjabréf jarða og gildi þeirra. Spurði hversu vel landeigendur þekktu landamerki jarða sinna. Hann greindi frá því að á Vesturlandi og Vestfjörðum væri áttak í gangi við að hnitsetja jarðir.

Magnús sagði að það þyrfti að auka hnitsetningu landamerkja jarða og menn þyrftu að taka sig á í þeim efnum. Oft greindi menn á um kennileiti. Magnús sagði að ef merki væru ekki nógu skýrt væri að sjálfsögðu ráðist á seljandann en oft á fasteignasalann líka! Því væri betra að hafa varann á.

Hilmar Össurason sagði að skipulagsmálum þyrfti að gefa aukinn gaum. Sveitarstjórnir á fleiri en einum stað væru ekki að vinna með hagsmuni allra íbúa í huga. Samtökin þyrftu að kynna sér þetta.

Þórólfur Sveinsson. Nú eru að störfum tvær stjórnskipaðar nefndir sem hafa þann tilgang að fjalla um jarðamál. Hann sagðist vera þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt til lengri tíma litið að standa vörð um ræktunarlandið. Það er rökrétt að þörfum mannkyns fyrir mat sé sinnt áður en öðrum er mætt. Hann spurði hverjir ættu að stýra því hverjir fái að eignast jarðir. Áður var forsjáraðilinn sveitarstjórnin sem hafði forkaupsrétt. Það var skelfilegt kerfi og vonaðist Þórólfur til að það kæmi

ekki upp aftur. E.t.v. væri spurning um að setja á ákvæðna búsetu- eða rekstrarskyldu. Það þyrfti þó að skoða mjög varlega. Setja ætti almenn ákvæði um nýtingu lands, en það byðu skipulagslög að nokkru leyti upp á. Það þurfa að vera einhver hófsöm ákvæði í lögum sem tryggja skynsama nýtingu á landi að mati Þórólfs sem tók undir með Erni og Magnúsi varðandi ábyrgðina sem fylgir því að eiga land og búfé.

Að lokum spurði **Guðný Sverrisdóttir** Magnús hvort hann gæti farið nánar út í skipulagsmálin.

Magnús svaraði því til að fleiri atkvæði væru í þéttbýli en dreifbýli og það gæti haft sitt að segja um áherslur stjórnmalamanna. Varðandi búsetu þá sagðist hann hafa hugleitt möguleika á sk. tvöfaldri búsetu. Allt sem er ekki ákvæðið og ljóst hefur áhrif á verðmyndun.

Fleiri tóku ekki til máls.

4. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál og opnaði mælendaskrá.

Ólafur H. Jónsson sýndi yfirlitsmynd af Reykjahlíð með ýmsum merkingum. Landeigendur standa í 3-4 málum vegna landamerkjadeilna. Sváfu á verði í fyrsta málinu og töpuðu. Nú er það þannig að hver og einn sem skoðar málið á að geta áttað sig á staðháttum. Vinnuaðferð sem varð að taka upp því röksemdir í landamerkjabréfum hafa ekki staðist. Landeigendur fengu fyrirtækið Loftmyndir til að útbúa myndir. Ólafur sýndi fleiri myndir og sagði marga lögfræðinga hafa tekið þessu vel. Mikil áhersla hefur verið lögð á að setja öll örnefni inn á myndirnar. Myndræn framsetning styður málatilbúnað til muna. Hann sagði að þessar myndir yrðu aðgengilegar á vef samtakanna fljótlega og hvatti aðra til að útbúa gögn sem þessi.

Ólafur Björnsson sýndi kort af svæðum nr. 1-7a og ræddi um þau mál sem væru framundan. Tugir mála væru í gangi á ýmsum stöðum og mikil vinna framundan hjá dómstólum. Ólafur telur að það hafi verið mikil mistök hjá ríkinu að áfrýja jafn mörgum málum og raun er á. Hann sagði fólk ósátt við þá þungu sönnunarbyrði sem búið væri við. Hann fór síðan yfir nokkur mál sem eru í gangi, m.a. á Tröllaskaga. Að lokum þakkaði hann fyrir fundinn og góð erindi. Hann hvatti fólk til að huga snemma að sínum málum og hefja gagnaöflun sem allra fyrst. Það mætti gera með góðum kortum, hnitsetningum og vörðum. Ólafur sagði að kostnaður hefði aukist mikið. Um endurupptöku sagði Ólafur að þarft væri að fá ákvæði inn í lögina sem leyfðu endurupptöku ef gögn finnast sem breytt gætu gangi mála.

Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði spurði hvort hnit sem bændur tækju væru tekin gild og hverjir væru lögmætir mælingamenn.

Ólafur Björnsson svaraði því til að fulltrúar sýslumanns væru skyldugir til þess.

Óðinn Sigbórsson mælti fyrir tillögu fyrir hönd stjórnar LLÍ um endurupptökuákvæði. Hann sagði að nú væri hægt að taka mál upp innan 6 mánaða en eftir þann tíma sé heimildin ekki fyrir hendi. Hægt væri að taka upp mál fyrir Hæstarétti ef sterk rök eru fyrir hendi en það væri afar sjaldgæft. Gríðarlegt magn gagna og heimilda hefur ekki ennþá verið rannsakað sem gætu breytt ýmsu í þjóðlendumálunum. Tillagan hljóðar svo:

„Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi haldinn á Hótel Sögu 11.2.2010 vekur athygli á þeirri réttaróvissu sem ríkir vegna framkvæmdar laga um þjóðlendum nr. 58/1998.

Talið er að um 16 þúsund skjöl liggja órannsökuð hjá Árnastofnun og Landsbókasafni. Ekki er vitað hvort þar kunna að vera heimildir um eignarhald á landi sem dæmt hefur verið sem þjóðlenda. Því kann að vera að í ljós komi sönnunargögn um eignarrétt á landi sem ekki var vitað um þegar niðurstaða var fengin í dómsmálum um þjóðlendum á Íslandi.

Ekkert ákvæði er í lögum um þjóðlendum um endurupptöku máls ef slík tilvik koma upp. Aðalfundurinn skorar á Alþingi og ríkisstjórn að breyta lögum um þjóðlendum þannig að lögfest verði ótímabundið ákvæði um endurupptöku máls, komi fram ný sönnunargögn í þeim þjóðlendumálum sem lokið er.“ Fundarstjórnin bar tillöguna undir fundinn og gaf orðið laust.

Þórólfur Sveinsson spurði hvort ekki væri rétt að geta um 16 þúsund skjölin sem eru í söfnum og gætu skipt máli um mál sem óunnin eru.

Óðinn sagði að endurupptökuákvæðið væri mikilvægt og það þyrfti að beina sjónum að því í sérstakri ályktun.

Ekki komu fleiri með athugasemdir. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Guðný þakkaði fyrir góðan fund og gaf formanninum orðið.

Örn Bergsson þakkaði Ólafi H. Jónssyni fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna. Nýr stjórnarmaður, Sigurður Jónsson í Eyvindartungu var boðinn velkominn til samstarfs. Örn þakkaði fyrir góða fundarsetu og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 16:15.